

## Nýútkomið í A-deild.

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurborg, útg. af ráðgjafanum 6. desbr. 1884 (A, nr. 18).

Reglugjörð um hafnsögu á Ísafirði, útg. af ráðgjafanum 6. desbr. 1884 (A, nr. 19).

Hafnsögutaxti fyrir Ísafjarðarkaupstað, útg. af ráðgjafanum 6. des. 1884 (A, nr. 20).

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1885, undirskrifað af konungi 6. janúar 1885 (A, nr. 1).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um ráðstafanir til verndar og viðhalds Hallormsstaðarskógi. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptsyfirvalda, dags. 31. okt. f. á., hef meðtekið skoðunargjörð þá á Hallormsstaðarskógi, sem framkvæmd hefur verið að tilhlutun stiptsyfirvaldanna samkvæmt brjefi mínu 28. apríl f. á., vil jeg nú þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hlutaðeigandi beneficiarius að hafa eptirlit með því, að eptirfylgjandi reglum, sem skoðunarmennirnir hafa álitnið nauðsynlegar til verndunar og viðhalds ofanefndum skógi, verði eptirleiðis nákvæmlega fylgt af ábúanda Hallormsstaðar.

1  
7. jan.

1. Skógurinn skal friðaður að svo miklu leyti sem unnt er fyrir fjárbeit á vetrum, og ber einkum að varast að beita á hann fje þarsem nýgræðingurinn er lægstur, t. d. ofanvert í Merkurskóginum, framanvert við Atlavíkina og á ýmsum stöðum í hólunum.
2. Þess skal vandlega gætt, þegar trje eru felld í skóginum, að brjóta hvorki nje kljúfa stofninn, og að höggsárið sje alveg sljett og svo mikið á snið, að vatn ekki sitji á stúfnum; einkum er þessi varúðarregla nauðsynleg þegar eigi eru höggvin öll þau trje, sem standa á sömu rót.
3. Ábúandanum á Hallormsstað skal lagt fyrir að höggva mest hinn sprekaða við innanúr skóginum til heimilisbrúkunar, og hafa skoðunarmennirnir einkum nefnt til tvo staði, sem helzt mundi þurfa að velja úr, nefnilega ofantil í Atlavíkinni og innanúr Flataskóginum, auk þess sem hjer og þar er nokkuð af kalhríslum víðsvegar um skóginn, sem einnig mætti höggva.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa embættismanni til húsabyggingar. — Með brjefi þessu samþykkti ráðgjafinn, að sýslumanni í Strandasýslu S. Sverrison væri veitt allt að 5000 kr. lán úr viðlagasjóði til að byggja íbúðarhús á jörðinni Bæ við Hrutafjörð, gegn 1. veðrjetti í húseigninni með því er henni fylgir, og í þeim  $\frac{2}{3}$  úr nefndri jörð, sem lántakandi á, og að öðru leyti með sömu skilyrðum sem sett hafa verið áður fyrir líkum lánnum til embættismanna (sjá t. d. Stj. tíð. 1883, B. bls. 61).

2  
12. jan.

Brjef ráðgjafans um konungsbrjef útaf ávarpi til konungs frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík. — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra landshöfðingi, eptirrit af konungsbrjefi útgefnu 20. f. m. til ráðgjafans fyrir Ísland útaf ávarpi 17. dag febrúarmán. 1885.

3  
13. jan.